

Kæru félagsmenn

Okkur langar til að þakka öllum sem tóku þátt í að gera daginn 11.11.11 eftirminnilegan í sögu Félags viðurkenndra bókara. Dagurinn var frábær í alla staði og sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu margir sáu sér fært um að vera með okkur.

104 manns voru skráðir á endurmenntunarnámskeið sem haldið var milli kl. 13.30 og 15:00. Námskeiðið hjá Lúðvíki var einstaklega skemmtilegt og fór hann á kostum eins og venjulega. Eftir þá miklu visku sem hann miðlaði til okkar kenndi Ásta okkur að slaka á. Teygjur, fettur og brettur og allt framkvæmanlegt við skrifborðið.

Eftir kaffi og veitingar var komið að alvöru málsins. Aðalfundur félagsins sem var stjórnað af Guðmundi B. Ólafssyni lögfræðingi og Barböru Wdovjak. 80 félagsmenn mættu. Farið var yfir síðasta starfsár, formaður las skýrslu félagsins og nefndir fluttu skýrslur sínar. Ársreikningurinn var kynntur, fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram ásamt tillögu um hækkun félagsgjalds.

Margar góðar ábendingar komu fram og var ánægjulegt að sjá að félagsmönnum er umhugað um mál félagsins. Kosningar fóru vel fram (var hart barist um sætin sem voru laus en þetta tókst þó að lokum) og bjóðum við nýtt fólk velkomið til starfa. Að lokum voru fráfarandi stjórnar- og nefndarkonum þakkað fyrir vel unnin störf með ilmandi rauðum rósum.

Að fundi loknum fóru félagsmenn heim og klæddu sig upp fyrir kvöldið fyrir fyrstu árshátíð félagsins. 68 manns mættu. Tekið var á móti prúðbúnu gestunum í fordrykk sem var í hinum ýmsu litum. Lentu einhverjir gestanna í vandræðum með litina þar sem þeir höfðu ekki farið í litgreiningu nýlega. Skemmtatriðin voru ekki af verri endanum. Elvar Kristinn og Sara Lind tóku dansspor, Björgvin og Kolbrún sungu fyrir okkur af hjartans list, Birgir Jóhann sá um píanóleik allt kvöldið og að lokum kom Helga Möller og hélt uppi stuði fram á nótt. Gestir gæddu sér á ljúffengum mat og sungu á milli atriða. Þetta var stórskemmtilegt kvöld og við vonum svo sannarlega að allir hafi haft gaman að.

Niðurstöður kosninga í stjórn og nefndir verða birtar á heimasíðu félagsins ásamt fundargerð aðalfundar, skýrslum stjórnar, fræðslunefndar og skemmtinefndar. Einnig verður stefnumótun næsta árs birt ásamt ársreikningi félagsins 2010-2011.

Fyrir hönd stjórnar og skemmtinefndar

Júlía Sigurbergsdóttir

Formaður viðurkenndra bókara

